




Sveitarfélagið  
ÁRBORG

# STEFNUMÓTUN Í FERÐAMÁLUM

ásamt tillögum um þróun og nýsköpun í ferðapjónustu



RANNSÓKNIR & RÁÐGJÖF  
FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

# Stefnumótun í ferðamálum

## ásamt tillögum um þróun og nýsköpun í ferðaþjónustu

Unnið fyrir Atvinnuþróunarnefnd Árborgar

Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf  
Höfundur: Rögnvaldur Guðmundsson

Tæknigarði, Dunhaga 5, 107 Reykjavík  
525 4081 / 898 2915  
rrf@rrf.is  
rrf.is

# Efnisyfirlit

	<b>Helstu niðurstöður og tillögur</b>	<b>1</b>
	<b>Hlutverk sveitarfélagsins - samantekt</b>	<b>5</b>
<b>1.0</b>	<b>Inngangur</b>	<b>11</b>
<b>2.0</b>	<b>Ferðaþjónusta í fortíð, nútíð og framtíð</b>	<b>13</b>
2.1	<i>Ferðaþjónusta á alþjóðavísu</i>	13
2.1.1	Sivaxandi umfang	13
2.1.2	Stefnur og straumar	14
2.1.3	Spá um þróunina til 2020	15
2.2	<i>Ferðaþjónusta á Íslandi 1950-2000</i>	16
2.2.1	Erlendir ferðamenn	16
2.2.2	Innlendir ferðamenn	17
2.3	<i>Ferðaþjónusta á Íslandi á 21. öld</i>	18
2.3.1	Til ársins 2020	18
2.4	<i>Ferðaþjónusta á Suðurlandi og í Árborg</i>	19
2.4.1	Erlendir ferðamenn	19
2.4.2	Innlendir ferðamenn	20
<b>3.0</b>	<b>Ferðaþjónusta í Árborg - stöðumat og aðgerðir eftir málaflokkum</b>	<b>21</b>
3.1	<i>Skipulag og stjórnun ferðamála</i>	21
3.1.1	Stöðumat	21
3.1.2	Aðgerðir og nýbreytni <i>Markaðs- og kynningarfulltrúi / ferðamálafulltrúi, Fagráð ferðaþjónustunnar í Árborg</i>	22
3.2	<i>Samvinna</i>	26
3.2.1	Stöðumat	26
3.2.2	Aðgerðir og nýbreytni <i>Samvinna ferðaþjónustuaðila innan svæðis, Ferðaskrifstofur, Ferðamálasamtök Suðurlands, Markaðsstofa Suðurlands, Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands, Vísindasamfélagið - nýherjabúðir, Háskólanemar o.fl., Stofnanir, sjóðir og félagasamtök Nálæg sveitarfélög og svæði, Evrópusamvinna, Félög í Árborg</i>	27
3.3	<i>Gististaðir og tjaldstæði</i>	33
3.3.1	Stöðumat	33
3.3.2	Aðgerðir og nýbreytni <i>Ráðstefnuhótel og menningarmiðstöð, Húsahtel, Gistiheimili og heimgisting, Farfuglaheimili, Tjaldstæði</i>	34
3.4	<i>Veitingar</i>	37
3.4.1	Stöðumat	37
3.4.2	Aðgerðir og nýbreytni <i>Veitingar í Tryggvaskála, Veitingastaður hótels, Veitingar við sjávarsíðuna, Íslenskur skyndibíti</i>	38

3.5	<i>Verslun, handverk og markaðir</i>	40
3.5.1	Stöðumat	40
3.5.2	Aðgerðir og nýbreytni <i>Handverksmunir; verslun og-galleri, Guðlaugsbúð -elsti kaupmaðurinn? Markaðir og vöruskipti, Konungsmarkaður við Tryggvaskála, Jónsmessuhátið og vöruskiptaverslun á Eyrarbakka, Verbúðarmarkaður á Stokkseyri</i>	41
3.6	<i>Samgöngur</i>	46
3.6.1	Stöðumat	46
3.6.2	Aðgerðir og nýbreytni <i>Þjóðvegur 1, Bjössu-rútan, Hjólreiðastígar, reidleiðir og gönguleiðir, Selfossflugvöllur, Suðurstrandarvegur, Dagsferðir frá Árborg</i>	47
3.7	<i>Merkingar, fræðsluskilti og aðgengi</i>	51
3.7.1	Stöðumat	51
3.7.2	Aðgerðir og nýbreytni <i>Merkingar við innkomu og að stofnunum, Aðrar merkingar, fræðsluskilti og aðgengi</i>	51
3.8	<i>Útgáfa, markaðssetning og kynning</i>	53
3.8.1	Ferill markaðssetningar	53
3.8.2	Markaðssetning og ímynd Íslands	53
3.8.3	Stöðumat í Árborg	54
3.8.4	Aðgerðir og nýbreytni <i>Bjössu á mjólkurbilnum, tröll og draugar, Internetið, Slagorð, „Maður er manns gaman“ - ferð um Árborg og nágrenni, Ráðstefnu-og menningarbærinn Selfoss</i>	55
3.9	<i>Upplýsingagjöf</i>	61
3.9.1	Stöðumat	61
3.9.2	Aðgerðir og nýbreytni <i>Upplýsingamiðstöðin á Selfossi, Upplýsingagjöf við ströndina</i>	61
3.10	<i>Gæðamál og menntun</i>	64
3.10.1	Stöðumat	64
3.10.2	Aðgerðir og nýbreytni <i>Námskeið og endurmenntun, Grunnskólinn, Fjölbrotarskóli Suðurlands</i>	65
3.11	<i>Umhverfismál</i>	67
3.11.1	Stöðumat	67
3.11.2	Aðgerðir og nýbreytni	68
3.12	<i>Afbreyting</i>	69
3.12.1	Um afbreytingu og upplifun ferðamanna	69
3.12.2	Afbreyting í Árborg; stöðumat	71
3.12.3	Aðgerðir og nýbreytni <i>Sundlaugar, Söfn og sýningar, Núverandi söfn, Nokkrar hugmyndir að nýjum söfnum og sýningum, Listviðburðir og tímamót, Göngu- og skoðunarferðir, Draugaferðir, tröllaferðir o.fl., Fuglaskoðun, Hestar og hestaferðir, Kajakar og bátsferðir, Íþróttir, Nýtt íþróttahús og endurbættur frjálsíþróttavöllur og 18 holu golfvöllur, Akstursíþróttir o.fl., Aðrar hugmyndir um afbreytingu</i>	72

<b>4.0</b>	<b>Áherslur eftir þéttbýlisstöðum</b>	<b>83</b>
4.1	Selfoss	83
4.1.1	Stöðumat <i>Saga og sérstaða</i>	83
4.1.2	Aðgerðir og nýsköpun <i>Tröllagarður - „Baulaðu nú Búkolla mín, hvar sem þú ert !“, Nýr miðbær Selfoss og Bæjargarðurinn, Tryggvagarður</i>	85
4.2	Eyrbakki	89
4.2.1	Stöðumat <i>Saga og sérstaða</i>	87
4.2.2	Aðgerðir og nýbreytni <i>Aldamótaþorpið Eyrbakki - langtímaáætlun, Fræðsla og málþing, Hlutverk Miklagarðs, Vesturbúð, Eyrbakkakirkja</i>	90
4.3	Stokkseyri	96
4.3.1	Stöðumat <i>Saga og sérstaða</i>	96
4.3.2	Aðgerðir og nýbreytni <i>Miðstöð fræðslu um útræði og sjósókn, Eftirstriðsárargarður fjölskyldunnar, Baugsstaðarjómabúið</i>	97
4.4	Sandvíkurhreppur	100
4.4.1	Stöðumat <i>Saga og sérstaða</i>	100
4.4.2	Aðgerðir og nýbreytni	100
<b>5.0</b>	<b>Lokaorð</b>	<b>101</b>

**Heimildir**

**Viðaukar I-III**

## Helstu niðurstöður og tillögur

Ferðamönnum til Íslands og á heimsvísu fjölgar jafnt og þétt og margir ábyrgir aðilar innan ferðapjónustunnar hér á landi telja það raunhæft að árið 2020 komi um ein milljón erlendra ferðamanna til Íslands sem skili a.m.k. 100 milljörðum í gjaldeyrstekjur til þjóðarbúsins (á núvirði). Í þessu sambandi má benda á að frá árinu 1950 til 2000 fjölgaði ferðamönnum á Íslandi úr 4 þúsund í rúmlega 300 þúsund gesti, eða um 8,6% að jafnaði árlega, sem er mun hraðari fjölgun en ofanefnd spá gerir ráð fyrir milli árunna 2000 og 2020.

Samkeppni um ferðamenn fer sífellt harðnandi og víða um land á veruleg uppbygging sér stað. Sveitarfélög eiga mikilla hagsmuna að gæta í ferðapjónustu þar sem hún er vinnuafsfrek atvinnugrein, með mikil margfeldisáhrif, er teygir anga sína mjög víða ef grannt er skoðað. Það má t.d. spyrja sig þeirrar spurningar hve mörgum prósentum lægri skatttekjur sveitarfélagsins Árborgar væru ef þangað hefðu engir ferðamenn komið árið 2001. Má telja líklegt að þær tölur kæmu á óvart.

Það hefur lengi verið vitað að margir ferðamenn leggja leið sína um Árborg, einkum Selfoss, og á síðari árum hefur áhugi ferðamanna vaxi á að heimsækja þorpinn við stöndina, Stokkeyri og Eyrarbakka. Fjöldi ferðamanna í Árborg hefur þó ekki verið þekktur.

Því ákvað atvinnuþróunarnefnd Árborgar að fá Rögnvald Guðmundsson ferðamála-ráðgjafa hjá Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar til að framkvæma kannanir til að komast að því og fleiru, ásamt því að koma með tillögur að stefnumótun í ferðamálum fyrir Árborg næstu árin.

Þessi stefnumótun og tillögur í ferðamálum fyrir Árborg byggja á eftirfarandi þáttum:

- Viðhorfsathugunum árið 2000 meðal leiðsögumanna, ferðamanna í Árborg, íbúa og ferðapjónustuaðila í Árborg.
- Viðhorfskönnun meðal erlendra 1.650 brottfarargesta í Leifsstöð sumar og haust 2001.
- Símakönnun meðal 1.200 Íslendinga, 18-75 ára, í lok árs 2001.
- Hópvinnu, smærri vinnufundum og viðræðum við atvinnurekendur í ferðapjónustu, embættismenn og áhugafólki um ferðapjónustu í Árborg.
- Annarri upplýsingaöflun og reynslu skýrsluhöfundar af stefnumótun og uppbyggingu í ferðapjónustu.

Rannsóknirnar sem framkvæmdar voru benda m.a. til þess að árið 2001 hafi tæplega helmingur erlendra ferðamanna farið um Selfoss, eða 120-140 þúsund gestir, þar af nær 60% sumargesta og um þriðjungu ferðamanna utan þess tíma. Jafnframt sýna rannsóknir að um 200 þúsund Íslendinga fóru um Selfoss árið 2000 í rúmlega 1 milljón ferða (rúmlega skipti hver). Miðað við þetta er Selfoss helsti ferðamannabær á landinu utan höfuðborgarsvæðisins. Flest bendir til þess að heildarútgjöld ferðamanna í Árborg hafi verið á bilinu 1-2 milljarður króna árið 2001 þegar allt er talið og eru stærstu liðirnir þar matvöruverslun og eldsneytiskaup. Það skortir því ekki ferðamenn til Árborga þó ekki

komi þangað jafn margir erlendir gestir og að Geysi og Gullfossi í Biskupstungum (allt að 70% allra ferðamanna). Vandinn er sá að magir sem eiga leið um Árborg eru á leið annað og hafa því ekki viðdvöl og flestir hinna stoppa stutt.

Meginviðfangsefni framtíðarinnar hvað viðvíkur uppbyggingu ferðaþjónustu í Árborg er því að fjölga næturgestum og lengja dvöl dagsferðamanna. Það verður ekki gert nema að eftirfarandi þættir haldist í hendur:

- aukin samvinna á milli sveitarfélags, atvinnurekenda í ferðaþjónustu, og annarra fyrirtækja í Árborg.
- gott innra skipulag í sveitarfélaginu, m.a. hvað varðar umhverfismál, umferð, merkingar, fræðslu og menningarlíf.
- aukið framboð á áhugaverðri afþreyingu.
- aukið gistiframboð.
- kröftug og lífleg markaðssetning, þar sem sérstaða Árborgar og einstakra þéttbýlisstaða í sveitarfélaginu kemur skýrt fram, m.a. í formi slagorða.
- öflug upplýsingaþjónusta
- minjagripir fyrir Árborg
- gæði í allri þjónustu

Ekki þarf að velta því fyrir sér hvort komi á undan hænan eða eggid, allir þættir þurfa þróast samhliða.

Í þessari stefnumótun er lagðar fram tillögur um úrbætur í öllum ofanefndum málaflokkum (sjá efnisyfirlit). Hér á eftir verða helstu tillögur raktar. Þú, lesandi góður, ert jafnframt hvattur til að lesa greinargerðina til enda.

Á sviði samvinnu er lögð áhersla á að embættismaður á vegum sveitarfélagsins (nú: markaðs- og kynningarfulltrúi) sinni tengslum við atvinnurekendur í ferðaþjónustu og aðra hagsmunaaðila sem stofni með sér Fagrað ferðaþjónustunnar í Árborg. Jafnframt er lögð áhersla á góða samvinnu við nágrannasveitarfélög í lágsveitum og uppsveitum Árnessýslu, ferðaskrifstofur á höfduðborgarsvæðinu, ferðamálayfirvöld o.fl.

Á sviði innra skipulags eru lagðar fram ýmsar tillögur. Ein sú helsta er að gerð verði samræmd 4-6 ára framkvæmdaáætlun um uppbyggingu reiðleiða, hjólastíga, gönguleiða og fræðslustíga í sveitarfélaginu og að áætlun um þjónustu- og fræðsluskilti, merkingar og aðgengi að sögulegum stöðu, minnismerkjum og útilistaverkum tengist henni. Þá er lagt til að gerð verði tilraun með reglubundnar áætlunarferðina innan sveitarfélagsins að sumarlagi sem síðan mætti auka við ef vel tekst til. Á sviði umhverfismála er lögð áhersla á að Staðardagskrá 21 verði höfð að leiðarljósi við framtíðarskipulag umhverfismála í Árborg og að unnið verði markvisst í samræmi við nýsamþykka umhverfisstefnu sveitarfélagsins. Þá er lagt til að sveitarfélagið skoði möguleika á uppbyggingu öflugss miðbæjar á Selfossi, skoði betur framtíðarhlutverk Miklagarðs á Eyrarbakka og hafi forgöngu um að skoða kosti og galla þess að færa þjóðveginn út fyrir Selfoss, m.a. með tilliti til áhrifa á ferðaþjónustu. Hvað fræðslu- og menningarmál varðar er lagt til að samræmd stefna verði unnin fyrir öll söfn og sýningar í Árnessýslu. Hvatt er til aukinnar

kennslu á sviði ferðamála við Fjölbrautarskóla Suðurlands og aukinnar fræðslu um ferðalög og gestrisni í grunnskólum Árborgar. Gerð er tillaga að ýmsum fræðslu- og þjónustunámskeiðum fyrir nýliða jafnt sem lengra komna í ferðapjónustu að undirlagi Fræðslunets Suðurlands o.fl.

Fjölmargar stærri og smærri tillögur eru lagðar fram á svið afþreyingar. Suma þeirra eru auðveldar í framkvæmd, s.s. tillögur um sandkastalakeppni í Stokkseyrarfjöru eða styttri skipulagðar gönguferðir með leiðsögn. Aðrar krefjast nokkurs undirbúnings, s.s. tillögur um Konungsmarkað við Tryggvaskála, endurbætur á veitinga-, líkamsræktar- og búningaðstöðu við Sundhöll Selfoss, bætt aðstöðu til fuglaskoðunar í friðlandinu í Flóa, tillögur um menningarhátíðina Árvöku, Jónsmessugleði á Eyrarbakka, Eftirstriðsárgarð á Stokkseyri, Bjössa á mjólkurbílnum lifandi kominn og verbúðamarkað á Stokkseyri. Þá eru settar fram tillögur um þrjú langtímaverkefni er krefjast verulegs undirbúningstíma og þróunarvinnu, þ.e. Tröllagarður á Selfossi, Aldamótaþorpið Eyrarbakki og miðstöð sjósóknar og útræðis á Stokkseyri. Þessi langtímaverkefni tengjast jafnframt skipulags- og byggingarmálum o.fl.

Á sviði gistiþjónustu í Árborg verða mikil tíðindi þegar nýtt 100 herbergja hótél og menningarmiðstöð opnar á Selfossi 1. júní 2002. Auk þess er lögð áhersla á að komið verði upp tjaldstæðum á Eyrarbakka og á Stokkseyri fyrir sumarið 2003 og lagt til að bæjarfélagið komi þar að málum en að rekstur verði höndum einkaaðila. Ennfremur þarf að bæta þjónustu tjaldstæðisins á Selfossi. Þá er hvatt til að einkaaðilar skoði möguleika á rekstrargrundvelli húsahtóla á Eyrarbakka og gistiheimila á Stokkseyri og á Selfossi. Jafnframt er hvatt til þess að möguleikar á rekstri farfuglaheimilis og bændagistingar í Árborg verði skoðaðir.

Á sviði markaðssetningar er lagt til að Bjössi á mjólkurbílnum verði fulltrúi Árborgar í kynningarmálum, þar sem hann er hvort tveggja í senn fulltrúi bílaaldar og landbúnaðarframleiðslu sem í sameiningu lögðu grunn að eflingu sveitarfélagsins um og eftir miðja 20. öld. Í því skyni er lagt til að gefið verði út Árborgarkort á íslensku og ensku fyrir sumarið 2003 þar sem saga Árborgar og ferðapjónusta í sveitarfélaginu verður rakin í teikningum, myndum og máli ásamt því sem ferðapjónusta í Árborg verður kynnt ferðamönnum. Ef semstaða næst um það væri æskilegt að kortið, sem þá bæri annað nafn, yrði gefið út sameiginlega fyrir lágsveitir Árnassýslu. Góð reynsla er af Sagnakorti Dalsýslu sem hannað er á sambærilegan hátt og Sögukort Vesturlands er í vinnslu. Jafnframt útgáfu kortsins er lagt til að fleiri stöðum verði skotið undir ímyndina um Bjössa, s.s. með því að hann eignist ökufæran mjólkurbíl (árgerð: um 20. öld) og að hann komi fram í eigin persónu í samvinnu við leikfélagið, Mjólkurbú Flóamanna o.fl. fyrirtæki í Árborg. Jafnframt verði ýmsir vinir Bjössa gerðir sýnilegir, s.s. Kobbí kútur, danski kaupmaðurinn á Eyrarbakka, útgerðarkonan á Stokkseyri (Þuríður?), tröllkonan Jóra o.fl. Þannig tengi Bjössi sveitarfélagið saman, jafnt sögu þess og samtíð, með ferðum sínum á mjólkurbílnum. Jafnframt er lagt til að heimasíða Árborgar verði tvískipt og að sá hluti hennar sem snýr einkum að ferðamönnun tengist ímynd Bjössa. Lagt er til að vel heppnuðum draugaferðum um Flóann verði fram haldið og þær eflar. Jafnframt er lagt til að þróaðar verði nýjar dagsferðir um Árborg, nærliggjandi sveitarfélög og víðar með upphaf á Selfossi og þær markaðssettar vel.



Lagt er til að starfsemi Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna á Selfossi verði eflð þannig að hún verði opin alla daga vikunnar a.m.k. hálf t. árið frá árinu 2003 og síðan rekin sem heilsársstöð frá árinu 2005. Þá er lagt til að upplýsingaþjónusta við stöndina verði aukin þannig að þar verði skipulögð upplýsingaátvörð í þorpunum báðum sumarið 2002 og að upplýsingamiðstöð í flokki 2 verði starfrækt á Eyrarbakka frá sumrinu 2003. Með tilkomu Suðurstandarvegjar hníga rök að því að upplýsingaþjónusta á Eyrarbakka verði eflð enn frekar með upplýsingamiðstöð í flokki 1, eins og á Selfossi.

Staðareinkennandi minjagripagerð er í raun hluti af markaðssetningu staða og svæða. Lagt er til að minjagripasamkeppni er tengist ímyndinni um Bjössu á mjólkurbílum fari fram haustið 2002 (Bjössi, brúsapallur, mjólkurbíllinn, mjólkurbrúsar ...). Einnig er brýnt að hvetja til minjagripagerðar úr staðareinkennandi hráefni sem tengist sögu svæðisins í nútíð og fortíð, til sjávar og sveitar.

Lagt er til að stuðlað verði að auknum gæðum í ferðaþjónustu í Árborg með því að bjóða upp á regluleg og markviss fræðslunámskeið þar sem m.a. er fjallað um gott viðmót og þjónustulund með þarfir mismunandi ferðamanna í huga.

Lögð verði áhersla á að kynna og efla Selfoss sem þjónustumiðstöð Suðurlands, lífandi ráðstefnu- og menningarbæ þar sem tilvalið er að fara í dagsferðir til allra átta. Mikilvægt er að koma þar upp góðir aðstöðu til sýningahalds sem gæti haldist í hendur við frekari uppbyggingu íþróttamannvirkja í kaupstaðnum. Jafnframt verði sögu bæjarins haldið vel til haga með Tryggvaskála og Ölfusárbrú sem helstu kennileitum. Á Selfossi verði komið upp öflugri þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn í tengslum við Tröllagarðinn, með fræðslu og skemmtun fyrir mismunandi markahópa en þó með áherslu á börn og fjölskyldufólk.

Lagt er til að gerð verði áætlun til 10-15 ára um uppbyggingu á aldmótaþorpinu Eyrarbakka og að staðurinn verði kynntur sem ómetanleg heimild um líf alþýðunnar við upphaf 20. aldar. Þannig verði kappkostað að færa ýmislegt til fyrra horfs og skapa þar líflega ferðaþjónustutengda starfsemi, m.a. með aukinni söluvöru og afþreyingu, í góðri sátt við íbúana og með sterkri tengingu við náttúruna allt um kring.

Lagt er til að á Stokkseyri verði einnig unnin 10-15 ára áætlun fyrir þorpið sem miðstöð sjósóknar og útræðis í sveitarfélaginu. Lagt er til að fleiri byggingar er tengjast sjósókn og lífi fólks í Stokkseyrarhreppi á 17. og 18. öld verði byggðar í nágrenni Puríðarbúðar og þær síðan tengdar við teinæringa, sjómannaög og leiki í fjöruborðinu. Auk þess verði þar teflt saman fræðslu um sjósókn þá og nú (tengja frystihúsinu o.fl.).

Lagt er til að sögu Sandvíkurhrepps verði gerð góð skil, t.d. landbúnaði, mótekju hernámi, Flóaáveitu, þingstað, átrúnaði og draugum í samvinnu við Byggðasafn Árnesinga o.fl. Lagt er til að skoðaður verði möguleiki á því að halda þar í sveit hlöðuböll fyrir ferðamenn með því að byggja á heimildum um slíka dansleiki hvað varðar aðbúnað, tónlist, hljóðfæri og söng.

## Hlutverk sveitarfélagsins - samantekt

Ráða fulltrúa til starfa er sinnir samræmingu og kynningu á sviði ferðamála (hefur þegar verið framkvæmt). Meta reynsluna af starfi fulltrúans fyrir árslok 2003. Taka frekari ákvarðanir í samræmi við niðurstöðu þeirrar úttektar í samræmi við þá stefnu að Árborg verði leiðandi sveitarfélag í ferðajónustu (bls. 24).

Hvetja til stofnunar fagráðs ferðajónustunnar í Árborg (samtek hagsmunaaðila og áhugfólks). Íhuga að veita félaginu ákveðinn skilyrtan fjárhagsstuðning, s.s. stofnframlag. Taka þátt í samvinnuverkefnum. Tengiliður: Markaðs- og kynningarfulltrúi Árborgar. Auk þess er eðlilegt að þeir starfsmenn sveitarfélagsins sem tengjast ferðajónustu með beinum hætti, s.s. safnverðir og umsjónarmaður íþróttamannvirkja taki virkan þátt í starfsemi fagráðsins. Tryggja góða samvinnu við Ferðamálasamtök Suðurlands (bls. 25).

Standa að árlegum vinnufundi og kynnisferð fyrir fulltrúa ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda í samvinnu við fagráðið o.fl. (bls. 27).

Makaðs- og kynningarfulltrúi Árborgar taki þátt í starfsemi Ferðamálasamtaka Suðurlands ásamt þeim starfsmönnum sem starfa með beinum hætti að ferðajónustu, s.s. umsjónarmaður íþróttamannvirkja og safnverðir (bls. 28).

Taka þátt í að undirbúa og útfæra starfsemi Markaðsstofu Suðurlands eftir því sem málinu vindur fram (bls. 29).

Nýta sem best sérþekkingu fulltrúa Atvinnuþróunarsjóðs á sviði ferðamála til að efla ferðajónustu í Árborg og á Suðurlandi öllu. Vinna að ákveðnum verkefnum í Árborg með fulltingi APS, s.s. verkefnum um Aldamótabæinn Eyrarbakka, Tröllagarð og Konungsmarkað á Selfossi og uppbyggingu miðstöðvar um verbúðalíf og sjósókn á Stokkseyri (bls. 30).

Hafa frumkvæði að viðræðum við háskóla- og vísindasamfélagið um með hvaða hætti það geti komið að eflingu atvinnulífs í Árborg, m.a. ferðajónustu. Skoða kosti þess að koma á laggirnar frumkvöðlasetri/nýherjabúðum í Árborg sem fordæmi eru um í öðrum sveitarfélögum (bls. 30).

Vera vakandi fyrir mögulegum verkefnum sem nemendur gætu unnið til hagsbóta fyrir ferðajónustu í Árborg (markaðs- og kynningarfulltrúi) (bls.30).

Hafa frumkvæði að viðræðum við opinberar stofnanir, sjóði og félög um með hvaða hætti þau geti komið að eflingu ferðajónustu í Árborg (bls. 30).

Hafa, ásamt fagráðinu, frumkvæði að aukinni samvinnu í ferðamálum við nálæg sveitarfélög og svæði (bls. 31).

Markaðs- og kynningarfulltrúi beiti sér fyrir því, ásamt fagráði ferðajónustunnar í Árborg, að hagsmunaaðilum verði kynnt tækifæri sem gefast á styrkjum til nýsköpunar í ferðajónustu í gegnum EES samninginn. Skoða möguleika á að taka virkan þátt í umsókn um Evrópustyrk vegna verkefna í ferðajónustu (bls. 31).

Hvetja félög í Árborg til þátttöku í ferðaþjónustutengdum viðburðum og í Árborg. Skoða möguleika á að fela einstökum félögum ákveðin verkefni á því sviði í tengslum við styrkveitingar til þeirra (bls. 32).

Tjaldstæði við ströndina:

Kostur 1: Koma upp viðunandi tjaldstæðum á Eyrarbakka og á Stokkseyri fyrir sumarið 2003 og semja við einkaaðila um rekstur þeirra.

Kostur 2: Styrkja einkaaðila til að koma tjaldstæðunum á laggirnar fyrir sumarið 2003 (bls. 36).

Aðstoða eigendur gististaða, veitinga-og skemmtistaða, við fegrun umhverfis eftir því sem það er á könnu bæjarins (gangstéttir, stígar) Sjá til þess að í boði séu hentugar lóðir fyrir slíka starfsemi gististaða í aðal-og deiliskipulagi Árborgar. Standa að útgáfu kynningarbæklings um ferðaþjónustu í Árborg, þ.á.m. gistipjónustu, veitinga-og skemmtistaði (bls. 36 og 40).

Veita góðum hugmyndum um eflingu handverksmenningar í Árborg brautargengi t.d. með styrkjum frá atvinnuþróunarnefnd og menningarmálanefnd. Styrkja tengsl markaðs-og kynningarfulltrúa við handverksfólk á svæðinu, m.a. með þátttöku beggja að fagráði ferðaþjónustunnar í Árborg (bls. 41).

Styðja skipulega við bakið á markaðsdögum (sjá tillögur í meginmáli) og öðrum hátíðum sem eru til þess ætlaðar að draga að ferðamenn og auðga mannlíf í Árborg. Eyrnamerkja ákveðna upphæð á fjárlögum hvers árs til slíkra viðburða eftir áætlunum um umfang hverju sinni sviðað og gert hefur verið með „Sumar á Selfossi“. Skilyrða framlögin þannig að fyrirtæki og þeir sem að hátíðunum standa leggi einnig sitt að mörkum. Hvetja aðstandendur til að sækja um styrki víðar (bls 42).

Hafa frumkvæði að því í samráði við Vegagerðina að ítarleg úttekt verði gerð á kostum og göllum þess að byggja nýja brú yfir Ölfusá og færa núverandi þjóðveg út fyrir byggðina á Selfossi. Þar verði m.a. skoðuð möguleg áhrif slíkra breytinga á ferðaþjónustu í Árborg (bls. 48).

Skoða möguleika þess að koma „Bjössa-rútunni“ í gagnið í samvinnu við hópferðafyrirtæki í Árborg og aðra styrktaraðila og hefja þar með reglubundnar áætlunarferðir innan sveitarfélagsins (bls. 48).

Vinna 5 ára kostnaðar-og framkvæmdaáætlun (2003-2008) um lagningu hjólreiðastíga, reidleiða, fræðslustíga og gönguleiða í Árborg. Vinna jafnhliða áætlun um merkingar, þjónustuskilti, fræðsluskilti og aðgengi að listaverkum, náttúru-og menningarminjum innan sveitarfélagsins Ljúka þessari áætlanagerð fyrir sumarið 2003. Fá fyrirtæki til liðs við að kosta o.fl. Skoða vel möguleika samvinnu við aðra hreppa í lágsveitum Árnassýslu (bls. 49, 52 og 77).

Vekja athygli á kostum Selfossflugvallar til æfinga-og kennsluflugs, hérlendis sem erlendis (bls. 49).

Drýsta á um framkvæmdir við Suðurstrandarveg (bls. 49).

Hvetja hópferðafyrirtæki til að efla starfsemi sína í Árborg og auka fjölbreytni í ferðum. Sinna vel fegrun umhverfis, stíga og gatnagerð í nágrenni fyrirtækjanna til að skapa þeim sem jákvæðasta ímynd í hugum viðskiptavina (bls. 50).

Hafa forgöngu um gerð Árborgarkortsins 2003 og kosta það að verulegu leyti. Markaðs- og kynningarfulltrúi Árborgar hafi umsjón með endurútgáfu þess og endurbótum í samvinnu við fagráðið og ráðgjafa. Auk þess yrði kortið að hluta kostað með auglýsingum og framlagi þjónustuaðila. Sveitarfélagið (atvinnuþróunarnefnd, menningarmálanefnd). Skoða jafnframt þann möguleika að kortið nái til lágsveita Árnessýslu og verði samvinnuverkefni sveitarfélaga þar (bls. 58).

Styðja við bakið á útgáfu myndabókar um Bjössa og vini hans í Árborg (bls. 58).

Vinna að því ásamt fagráði ferðapjónustunnar í Árborg, fyrirtækjum og hagsmunaaðilum að Bjössi eignist mjólkurbíl og skoða það í samhengi við Bjössa-rútuna (bls. 58).

Styrkja minjagripasamkeppni en láta það mál að mestu í hendurnar á fagráðinu (bls. 58).

Endurbæta heimasíðu Árborgar. Vinna ferðapjónustuhluta heimasíðunnar í samvinnu við hagsmunaaðila og með stuðningi þeirra (bls. 58).

Hrinda af stökkunum, í samráði við fagráðið, samkeppni um slagorð fyrir Árborg og þéttbýlisstaðina í sveitarfélaginu. Samhliða samkeppni um minjagrip (bls. 59).

Kynna nýjungar í ferðum um Árborg hvar sem því verður við komið í kynningarefni um sveitarfélagið (bls. 59).

Skoða vel með hvaða hætti sveitarfélagið geti stutt við bakið á menningarstarfsemi í nýjum húsakynnum Hótel Selfoss. Nota þau sambönd sem stofnanir bæjarins hafa til að auka ráðstefnuhald í Árborg. Styðja Árvöku, menningarhátíð Árborgar (bls. 60).

Styrkja rekstur upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn á Selfossi og við ströndina. Stuðla að aukinni upplýsingagjöf fyrir ferðamenn við ströndina með hliðsjón af vaxandi ferðamannastraumi þar og tilkomu Suðurstrandarveggar. Samvinnuverkefni með fagráði, Upplýsingamiðstöð Suðurlands, Ferðamálasamtökum Suðurlands, hagsmunaaðilum, samgönguráðuneyti o.fl. (bls. 63).

Ganga á undan með góðu fordæmi hvað varðar gæði í þeirri ferðapjónustu sem snýr að sveitarfélaginu (bæklingar, kynningarefni, merkingar, söfn, upplýsingaþjónusta o.fl.) Styðja við bakið á námskeiðahaldi og endurmenntun í ferðapjónustu með því að gefa nýliðum á vegum bæjarfélagsins og þeim starfsmönnum sem sinna ferðamönnum kost á að sækja slík námskeið og hvetja aðra til að gera slíkt hið sama (bls. 65).

Fræðslu- og skólayfirvöld Árborgar vinni að tillögum um að efla fræðslu og umræðu um ferðapjónustu og gestrisni í grunnskólum sveitarfélagsins (bls. 66).

Hvetja Fjölbrotarskóla Suðurlands til að efla enn frekari kennslu og námsframboð á ferðamála- brau (bls. 66)

Samþykkja Staðardagskrá 21 fyrir Árborg og efla vinnu að umhverfismálum í anda sjálfbærrar þróunar. Fylgja markvisst eftir nýsamþykktri stefnu sveitarfélagsins í umhverfismálum. Fylgja eftir úrbótum í frárennslismálum og meðferð sorps. Styðja við bakið á félagasamtökum sem hafa

fegrun umhverfis á stefnuskrá sinni. Skoða möguleika á að koma upp almenningssalerni á Selfossi sem opið væri allan sólarhringinn (bls. 68).

Vinna 4-6 ára áætlun um frekari uppbyggingu Sundhallarinnar á Selfossi og leita þar m.a. í smíðju Akureyringa. Efla markaðssetningu Sundhallar, m.a. á Kobba kút. Forgangsmál að bæta búningis-og baðaðstöðu. Skoða mögulega samvinnu einkaaðila hvað það varðar. Auka opnunartíma sundlaugar Stokkseyrar (bls. 73).

Stuðla að því að unnin verði áætlun um samþættingu og eflingu safna (fjárhag og hlutverk) og sérsýninga í Árnassýslu, bæði þeirra sem fyrir eru og væntanlegar kunna að vera. Slíkt verkefni þarf að vinna í samstarfi við héraðsnefnd Árneseinga, Atvinnuþróunarsjóð Suðurlands, embætti Þjóðminjavarðar og menntamálaráðuneytið (bls. 75).

Menningarmálanefnd hafi frumkvæði að því að halda menningarhátíðina „Árvöku“ árlega eða annað hvert ár. Liður í henni verði m.a. sérstakir tónleikar helgaðir Páli Ísólfsyni og öðrum tónlistarmönnum á Stokkseyti og víðar í Árborg. Nefndin fái til liðs við sig listamenn og áhugafólk í sveitarfélaginu og nágrannasveitarfélögum, auk annarra listamanna. Bækistöð hátíðarinnar verði í menningarmiðstöð Hótel Selfoss en auk þess verði tónleikar og aðrir listviðburðir víðsvegar í Árborg. Sótt um styrki til hátíðarinnar (bls. 76).

Vera vakandi fyrir afmælum sem snerta sögu sveitarfélagsins á einn eða annan hátt og taka þátt í að minnast þeirra og vekja athygli á þeim í samvinnu við ýmsa aðila eftir því sem við á hverju sinni (bls. 77).

Stuðla að bætttri aðstöðu til fuglaskoðunar í Árborg í samvinnu við Fuglaverndarfélag Íslands o.fl. (bls. 79).

Hvetja íþróttafélögin í Árborg til að skoða hvort og hvernig hægt er að nýta húsnæði og aðstöðu til íþróttaiðkunar til að styðja við bakið á uppbyggingu á íþróttatengdri ferðaþjónustu í sveitarfélaginu (bls. 81).

Stuðla að því að myndadur verði samráðshópur um stofnun Tröllagarðs á Selfossi með þátttöku hagsmunaaðila í ferðaþjónustu og annarra fyrirtækja (makaðs-og kynningarfulltrúi). Hópurinn leiti styrkja til að gera úttekt hugmyndafræði, staðsetningu, stofn-og rekstrarkostnaði Tröllagarðs (þrepaskipt uppbygging) og á mögulegri staðsetningu hans (bls. 87).

Skoða möguleika á nýjum miðbæ á Selfossi í tengslum við endurskoðun á skipulagsáætlunum fyrir kaupstaðinn (bls. 88).

Hrinda fyrirbyggjandi deiliskipulagi Tryggvagarðs í framkvæmd (bls. 88).

Stuðla að því að gerð verði ítarleg úttekt á kostnaði við að endurbyggja eða lagfæra öll þau hús á Eyrarbakka sem byggð voru fyrir 1920 og einnig á öðrum húsum er teljast hafa byggingarsögulegt gildi. Leita styrkja (bls. 92).

Sjá til þess að gerð verði 10-15 ára áætlun um uppbyggingu Eyrarbakka sem aldamótaporps um 1900, í samvinnu við íbúa og aðra hagsmunaaðila í ferðaþjónustu. Leita styrkja (bls. 92).

Skóða mögulega millileið við að gera Miklagarð upp sem menningarmiðstöð á Eyrarbakka fyrir lok næsta kjörtímabils, s.s. með því að virkja félagasamtök og áhugafólk til starfa. Skóða vel hug heimamanna á Eyrarbakka í þessum efnum (bls. 94).

Athuga hvort starfsmenn í unglingsvinnunni geti að hluta til haft umsjón með móttöku ferðamanna í Eyrarbyggjakirkju í samvinnu við starfsmenn í Byggðasafni Árnesinga og undir handleiðslu safnstjóra (bls. 95).

Stuðla að því að unnin verði 10-15 ára áætlun um uppbyggingu á Stokkseyri sem miðstöðvar um kynnigu á útræði og sjósókn, í samvinnu við íbúa og aðra hagsmunaaðila í ferðapjónustu. Leita styrkja (bls. 99).

Stuðla að því að sögu Sandvíkurhrepps verði gerð góð skil í fræðslu til ferðamanna í Árborg (bls. 100).



## 1.0 Inngangur

Í lok árs 1999 ákvað Atvinnuþróunarnefnd Árborgar að ráðist skyldi í stefnumótun í ferðamálum fyrir sveitarfélagið. Í framhaldi af því var samið við Rögnvald Guðmundsson, ferðamálaráðgjafa hjá Rannsóknum og ráðgjöf ferðaþjónustunnar um að stýra verkinu. Samkvæmt samningi var verkið tvískipt, annars vegar var kveðið á um rannsóknir meðal íbúa, gesta og leiðsögumanna sem framkvæma átti árið 2000 og hins vegar stefnumótunarvinnu.

Niðurstöður rannsóknanna eru birtar í sérstakri greinargerð sem víða er vísað til í þessari greinargerð um stefnumótun.

Ákveðið var að í fyrstu skyldi samráðshópur sem var Rögnvaldi til aðstoðar skipaður þremur fulltrúum af bæjarins hálfu. Í honum voru þeir Magnús Már Magnússon, starfsmaður atvinnuþróunarnefndar, Snorri Sigurfinnsson, umhverfisstjóri og Þorvaldur Gunnarsson, forstöðumaður Sjóminjasafnsins á Stokkseyri. Hést sú skipan mála þar til í ársbyrjun 2001 þegar ákveðið var að stokka hópinn upp að hluta og fá til liðs fulltrúa ferðaþjónustunnar í Árborg, auk þess sem áður nefndir fulltrúar létu af störfum fyrir Árborg. Í samráðshópi á árinu 2001 sátu: Snorri Sigurfinnsson (fulltrúi bæjarins), Þorvaldur Gunnarsson, Anna Árnadóttir, Jóhanna Róbertsdóttir og Unnur Ása Jónsdóttir. Á lokasprettinum kom svo Sverrir Sveinn Sigurðarson, markaðs- og kynningarfulltrúi Árborgar að verkinu.

Alls voru haldnir 11 fundir með samráðshópnum á verktímanum og auk þess voru bæjarstjóri og formaður atvinnuþróunarnefndar upplýstir reglulega um gang verksins.

Á verktímanum voru auk þess haldnir kynningar- og vinnufundir sem hér segir:

- Kynningarfundur við upphaf verkefnis, Selfossi, desember 1999
- Kynning á helstu niðurstöðum rannsókna, Eyrarbakka, september 2000
- Vinnufundur með hagsmuna- og áhugaðilum í ferðaþjónustu, Selfossi, nóvember 2000
- Kynning á helstu niðurstöðum rannsókna fyrir bæjarfulltrúa og atvinnuþróunarnefnd, Selfossi, janúar 2001
- Opin kynning á áherslum í stefnumótunarvinnunni, Selfossi, maí 2001
- Vinnufundur með ferðaþjónustuaðilum og áhugafólki á Stokkseyri, júní 2001
- Vinnufundur með ferðaþjónustuaðilum og áhugafólki á Eyrarbakka, júní 2001
- Kynningarfundur með fulltrúm í bæjarstjórn og atvinnumálanefnd, Selfossi, febrúar 2002

Þá hélt verkefnisstjóri erindi á málþingi menningarmálanefndar Árborgar sem haldið var í maí 2001 þar sem komið var inn á þessa vinnu.



Yfir 50 heimamenn í Árborg hafa lagt þessari stefnumótun og tillögugerð lið á einn eða annan hátt eru þeir sem hér greinir:

Anna Árnadóttir, Arnar Óskarsson, Ási Markús Þórðarson, Áslaug Anna Einarsdóttir, Bárður Guðmundsson, Bjarni Harðarson, Björn Ingi Bjarnason, Björn Ingi Gíslason, Dagbjört Óskarsdóttir, Einar Pálsson, Einar Sigtryggsson, Erlendur F Magnússon, Eymundur Gunnarsson, Friðrik Erlingsson, Guðbjörg Anna Arnadóttir, Guðrún Jónsdóttir, Gunnar Egilsson, Gunnar Sigurgeirsson, Helgi Helgason, Hildur Hákonardóttir, Inga Lára Baldvinsdóttir, Ingi Þór Jónsson, Ingibjörg Ársælsdóttir, Ingunn Guðmundsdóttir, Jóhann Þórisson, Jóhanna Jóhannesdóttir, Jóhanna Róbertsdóttir, Jón Guðbjörnsson, Jón Jónsson, Karl Björnsson, Katrín Ósk Þorgeirsdóttir, Kristín Árnadóttir, Kristján Einarsson, Lýður Pálsson, Magnús Karel Hannesson, Magnús Már Magnússon, Margrét Ásgeirsdóttir, Ólafur Auðunsson, Ólafur Björnsson, Óskar V Árilíusson, Páll Lýðsson, Sigmundur Stefánsson, Sigurður Jónsson, Skúli Arason, Snorri Sigurfinnsson, Sverrir Sveinn Sigurðarson, Unnur Ása Jónsdóttir, Þorlákur H Helgason, Þorvaldur Gunnarsson, Þórhildur Ingvadóttir, Þórir Erlingsson.

Auk þess var rætt við fjölda fólks í vegna skoðanakönnunar meðal fagfólks og embættismanna í Árborg.

Öllu þessu fólki er þökkud aðstöðin og beðist velvirðingar á ef einhverja hefur ládst að nefna. Er þá eingöngu við skýrsluhöfund að sakast.

Það er von undirritaðs að þessar stefnumótunartillögur nýtist bæjarstjórn Árborgar sem best á komandi árum við að efla ferðaþjónustu í vaxandi bæjarfélagi og styrkja samvinnu við nágrannasveitarfélög og aðra hagsmunaaðila í ferðaþjónustu. Jafnframt er það meðvitaður tilgangur með þessari greinargerð að hún nýtist sem hugmyndabanki og hvatning fyrir starfandi ferðaþjónustuaðila í Árborg (kjarnaþjónustu jafnt sem jaðarþjónustu) og þá sem hafa í hyggju að hefja rekstur í ferðaþjónustu eða vilja tengjast atvinnugreininni annan hátt. Meginmarkmiðið er að Árborg verði í fremstu röð héraðsveitarfélaga á sviði ferðaþjónustu. Til að svo verði þarf að stilla saman strengi áður nefndra aðila. Ef það tekst er tilganginum náð.